



Áfallaáætlun

Markmið áætlunarinnar er að vera vinnuáætlun til stuðnings skólanum, svo bregðast megi fúmlaust við þegar áföll verða.

Efnisyfirlit:	bls.
Inngangur	3
Áfallaráð	3
Fyrstu viðbrögð	3
Áföll í skóla og hlutverk áfallaráðs	3
Áfallakassi	4
Fyrsti hluti Nemendur	5
Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemenda	5
Alvarleg slys á nemenda	5
Slys í ferðalagi á vegum skólans.....	6
Andlát nemenda	7
Annar hluti Aðstandendur	8
Andlát aðstandenda	8
Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns skólans	9
Dauðsfall eða alvarlegt slys starfsmanns	9
Þriðji hluti: Ofbeldisverk	10
Nemandi þolandi eða gerandi	10
Kynferðisleg misnotkun	10
Fjórti hluti: Skilnaður foreldra	11
Fimmti hluti: Stórslys og náttúruhamfarir	11

Inngangur

Þegar áfall ber að, er mjög mikilvægt að brugðist sé rétt við og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að bæta líðan þolanda/polenda, aðstandenda og vana.

Reglur um áfallaráð og starfsemi þess.

Mikilvægt er að hafa á einum stað allar upplýsingar og aðgerðaráættun um hvernig bregðast skuli við þegar áföll verða.

Áfallaráð Bláskógaskóla í Reykholti samanstendur af:

1. Skólastjóra
2. Aðstoðarskólastjóra
3. Fulltrúa kennara
4. Hjúkrunarfræðingi

Hægt er að kalla aðra aðila til eftir þörfum til dæmis:

Ritara, skólasálfræðing, öryggistrúnaðarmann, sóknarprest.

Fyrstu viðbrögð: Skólastjóri, (sálfræðingur, prestur (ef við á) og hjúkrunarfræðingur).

Skólastjóri eða aðstoðarmaður fær upplýsingar um áfallið og leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstendendum, ásamt því að afla leyfis til að fjallað verði um málið í skólanum. Skólastjóri kallar áfallaráð saman þar sem fyrstu aðgerðir eru ákveðnar svo og framhaldsaðgerðir.

Allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir þurfa að vera með í ráðum frá upphafi.

Áföll í skóla og hlutverk áfallaráðs

Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemandi geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Þau áföll geta verið af völdum slysa, dauðsfalla, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis eða annarra þátta sem valda áfalli hjá nemanda. Hlutverk áfallaráðs er að fylgja eftir vinnuáætlun þegar áföll verða í eða tengd skólanum. Ráðið skal koma saman tvisvar sinnum á hverju skólaári eða oftár ef þurfa þykir. Utan starfstíma skóla er skólastjóri tengiliður áfallaráðs en getur óskað eftir aðstoð ef þurfa þykir.

Sýni fjölmiðlar áhuga er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar sem gefa á.

Áfallahjálp byggist á vitneskju um eðlileg viðbrögð einstaklinga og hópa við alvarlegum áföllum sem valda sálrænu umróti og streituviðbrögðum hjá þeim sem hlut eiga að máli.

Áfallahjálp beinist að því að **fyrirbyggja** alvarleg og langvinn sálræn eftirköst í kjölfar áfalla af ýmsum toga. Dæmi um slík áföll eru umferðarslys, sjálfsvíg, ótímabær dauðsföll ungs fólks, eldsvoðar o.s.frv.

Sálræn skyndihjálp byggist á líkamlegri og andlegri aðhlyningu einstaklinga sem orðið hafa fyrir alvarlegum áföllum.

Sýnið rósemi og stillingu í orði og athöfnum og hafið í huga að ró er smitandi. Skapið örugga umgjörð og verjið fólk fyrir ýmiss konar ágengni, s.s. áhorfenda og fjölmiðla ef því er að skipta. Oft er mikilvægt að fjarlægja af vettvangi einstaklinga sem eru órólegir eða ofvirkir á einhvern hátt.

Nálægð og líkamleg snerting skapa öryggi og draga úr hræðslu og kvíða. Gefið til kynna að þið hafið nægan tíma og séuð reiðubúin til að hlusta.

Virðið tilfinningar og viðbrögð í hverri þeirri mynd sem þau birtast. Forðist að fordæma, vorkenna eða nota innantóm orð til hughreystingar.

Hjálpnið einstaklingunum að horfast í augu við raunveruleikann skref fyrir skref. Forðist að róa fólk á fölskum forsendum.

Forðist að taka undir ásakanir og leit að blóraböggjum. Mikilvægt er að koma lífinu sem fyrst í eðlilegt horf og líta fram á veginn.

Tilfinningaleg viðbrögð eru oft lítil í byrjun en aukast þegar frá líður og birtast sem kvíði, hræðsla, reiði, sorg eða sektarkennd og lita minninguna um áfallið.

Skynjun og rökhugsun truflast. Þetta hefur í för með sér óraunveruleikatilfinningu, brenglað tímaskyn, tilhneigingu til að misskilja, mistúlka og draga rangar ályktanir. Allar upplýsingar og fyrirmæli þurfa því að vera hnitmiðuð og endurtekin.

Á fyrstu vikum og mánuðum eftir áfallið færast hæfileikinn til að takast á við tilfinningar, daglegt líf og starf smám saman í eðlilegt horf. Á þessu stigi er mikilvægt að koma auga á einstaklinga sem eru í áhættuhópi m.a. með tilliti til áfallahugsýki (einskonar þráhyggja) og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Áfallaráð skal halda árlega kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum og sjá til þess að umsjónakennarar og allt starfsfólk fái stuðning og hjálp til að takast á við erfiðleikana sem fylgja áföllum.

Fyrsti hluti: Nemendur

1. Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemenda

Viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda sem geta leitt til dauða.

Áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á náminu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi bekk.

Fulltrúar áfallaráðs ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu eftir aðstæðum.

Sýna skal atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur bekkurinn sent kveðju.

Munið að allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir þurfa að vera með í ráðum frá upphafi.

Pegar nemandi kemur aftur í skólann:

Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, það getur auðveldað viðkomandi endurkomuna. Umsjónarkennari og aðili úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kann að kvíða.

Umsjónarkennari fylgir viðkomandi nemanda sérstaklega eftir næstu vikur.

2. Alvarlegt slys á nemanda

Ef slys verður í skólanum:

Þeir sem að koma hringja eftir sjúkrabíl og veita fyrstu hjálp. Ekki má undir neinum kringumstæðum skilja nemanda eftir einan. Fulltrúi áfallaráðs hefur samband við forráðamenn og lögreglu sem allra fyrst. Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við. Fulltrúi áfallaráðs og umsjónarkennari ræða við nemendur í einstaka bekkjum sem tengjast málinu. Starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu eins fljótt og auðið er. Í mjög alvarlegum tilfellum þarf að kalla allt starfsfólk saman til fundar þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Skólastjórnendur reyna að koma í veg fyrir það að nemendur eða starfsfólk fari

heim með rangar eða misvísandi upplýsingar um málið. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf heim með nemendum eða hringja í hvert og eitt heimili.

Ef slys verður utan skólatíma

Ef upplýsingar berast til skólans um að nemandi hafi slasast illa eða látið lífið, t.d. vegna sjúkdóms eða slysfara, verður strax leitað eftir staðfestingu á atburðum hjá fjölskyldu, heilsugæslu, sóknarpresti eða lögreglu. Þegar staðfesting hefur fengist eru starfsmenn skólans látnir vita eins fljótt og auðið er (hringt í starfsmenn ef þeir eru ekki í vinnu). Haft er samband við sálfræðing og hann beðinn um að koma í skólann og ræða við starfsmenn og nemendur. Ef við á er haft samband við sóknarprest. Sálfræðingur segir nemendum frá atburðum. Sálfræðingur verður til taks í skólanum í nokkurn tíma til þess að vera til taks fyrir þá sem þess þurfa. Ef ekki næst í sálfræðing sinna skólastjórnendur upplýsingahlutverkinu. Reynt er eftir föngum að halda dagskipulagi. Starfsmenn aðstoða elstu börn skólans við að útbúa samúðarkort og/eða kveðjur. Skólastjórnendur heimsækja fjölskyldu og færa blóm og kveðjur frá skólanum. Flaggað er í hálfá stöng við andlát.

Næstu dagar

Ört upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt. Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum til nemenda.

Fulltrúi áfallaráðs eða umsjónarkennari athuga hvort heimsóknir til viðkomandi séu mögulegar eða heppilegar.

Sýna verður atburðinum virðingu, án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur bekkurinn sent kveðju.

Slys í ferðalagi á vegum skólans

Ef hinn slasaði er nemandi, að bera allar aðgerðir skólans undir viðkomandi foreldra til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

Sá sem fyrstur kemur að, eða er vitni að slysinu, hringir á sjúkrabíl. Hringt í 112. Forsvarsmaður hópsins lætur skólastjóra/áfallaráð vita af atburðinum. Skólastjóri /prestur (áfallaráð eða lögregla) lætur foreldra barnsins vita. Umsjónarkennari, eða einhver annar sem þekkir barnið vel fer með sjúkrabílnum.

Ef barnið á systkini í skólanum skal viðkomandi umsjónarkennari annast það/þau.

Kennarar í forsvari fyrir nemendahópnum ákveða hver þeirra verður þeirra forsvarsmaður. Áfallaráð og sóknarprestur ákveða hvernig aðstandendur viðkomandi skólafélaga eru látnir vita af atburðinum. Kennarar safna nemendahópnum saman. Nemendum er haldið saman og reynt að útskýra fyrir þeim eftir mætti hvað hefur gerst.

Heimför er skipulögð eins fljótt og auðið er. Áfallaráð tekur á móti nemendum þegar komið er í skóla, safnar þeim saman. Forráðamenn látnir sækja börn sín. Frekari vinna er skipulögð af áfallaráði og kennurum. Skólastjóri mun ganga í verk þess starfsmanns sem e.t.v. er ekki á staðnum.

Ef um dauðsfall er að ræða skal flagga í hálfra stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Næstu dagar

Úrvinnsla í bekk

Ath. að háttbundinn hrynjandi skólstarfsins sefar ótta og kvíða.

Ört upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt.

Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum til nemenda.

Fulltrúi áfallaráðs eða umsjónarkennari athuga hvort heimsóknir til viðkomandi séu mögulegar eða heppilegar.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

Umsjónarkennari, ásamt fulltrúa úr áfallaráði, ræða við nemandann áður en hann kemur aftur í skólann og hlustar eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.

Umsjónarkennari, í samráði við áfallaráð, undirbýr bekkinn undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, góður undirbúningur getur auðveldað nemandanum endurkomuna.

Umsjónarkennari fylgist sérstaklega með viðkomandi nemanda næstu vikur.

3.† Andlát nemanda

Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við viðkomandi heimili. Skólastjóri kallar saman áfallaráð, sálfræðing og sóknarprest ef við á, óháð tíma og dagsetningu. Á þeim fundi ákveður áfallaráð fyrstu viðbrögð skólans og skiptir með sér verkum.

Athugið að allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir þurfa að vera með í ráðum frá upphafi.

Ganga þarf úr skugga um að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann fái fréttirnar sérstaklega en ekki í stórum hópi.

Skólastjóri, umsjónarkennari og sóknarprestur ef við á tilkynna andlátíð strax í viðkomandi bekkjardeild. Hlúð er að nemendum með aðstoð (t.d. hjúkrunarfræðings og sálfræðings), kveikt á kerti, prestur aðstoðar nemendur við stutta bæn ef við á.

Umsjónarkennarar tilkynna andlátíð í öðrum bekkjardeildum og athuga skal að mikilvægt er að allir fái fréttirnar samtímis.

Fáni dreginn í hálfra stöng, þegar búíð er að tilkynna nemendum andlátíð.

Vinna í viðkomandi bekk sama dag - tillögur:

Umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er af skóladegi.

Hafa kerti logandi í kennslustofunni.

Nemendum gefið tækifæri til að ræða atburðinn og tilfinningar sem gætu hafa kviknað í framhaldinu.

Sérfræðingar skólans, sem og sóknarprestur, verði til taks ef á þarf að halda.

Fulltrúi áfallaráðs eða umsjónarkennari viðkomandi bekkjar hringir heim og tilkynnir foreldrum annarra nemenda um atburðinn.

Bréf sent heim með öllum nemendum skólans þar sem greint er frá atburðinum og því hvernig skólastarfið verði næstu daga.

Ritara verði falið að kanna hverjir voru ekki mættir í skólann þennan dag og þeim tilkynnt um atburðinn sérstaklega.

Í lok dagsins skal áfallaráð funda ásamt umsjónarkennara, fara yfir stöðuna og gera áætlun um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda með samúðarkveðju næstu daga á eftir.

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga á eftir - tillögur:

Umsjónarkennari tekur á mótí bekknum næstu daga.

Kveikt á kerti og það látið loga fram yfir jarðarför við mynd af nemanda.

Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða minningargrein. Einnig geta nemendur teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.

Eigur látna nemandans eru fjarlægðar smátt og smátt úr skólastofunni og þess gætt að fjarlægja ekki allt í einu.

Fá sóknarprest til að greina nemendum frá því sem gerist næstu daga ef við á, þ.e. kistulagning og jarðarför og útskýri hvernig athöfnin fer fram.

Ef ákvörðun er tekinn í samráði við fjölskyldur viðkomandi, að nemendur verði við jarðarförina, þá þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn hvers nemanda sem og aðstandendur látna nemandans. Nauðsynlegt er að forráðamenn hvers nemanda fylgi honum í jarðarförina.

Kennslustundir næstu daga verða að vera sveigjanlegar, ef spurningar vakna hjá nemendum, eða þeir sýna viðbrögð eins og reiði, sorg, sektarkennd o.s.frv. Mikilvægt er að leyfa börnum að tjá tilfinningar sínar og segja frá eigin reynslusögum.

Skólastjórnendur, umsjónarkennari og þeir sem tengst hafa nemandanum verða við jarðarförina.

† Andlát í skóla

Eigi andlát sér stað á skólatíma þarf að kalla til lögreglu, lækni og prest sem sjá um að aðstandendur fái **réttar fréttir** um málið áður en fjölmiðlar fjalla um það. Skólastjóri eða staðgengill hans er **eini** tengill við fjölmiðla.

Skólastjóri og áfallaráð tilkynna starfsfólki um andlátíð. Athuga að nán skyldmenni látins starfsmanns, sem eru við störf í skólanum, fái fréttirnar sérstaklega en ekki í hópnum. Áfallaráð skipuleggur samverustund alls starfsfólks, ásamt sóknarpresti, samdægurs eða eins fljótt og auðið er.

Áfallaráð ákveður hvernig tilkynna skuli nemendum um andlátíð.

Ef umsjónarkennari fellur frá, þá tilkynna skólastjóri og sóknarprestur þeim um andlátíð.

Fulltrúar frá áfallaráði veita umsjónarbekk stuðning og vinna með bekkinn næstu daga.

Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur úr öðrum bekkjum eftir því sem þörf er á.

Til umhugsunar:

Gefið sorginni tíma. Munið að veita umsjónarkennaranum og öðrum í áfallaráði stuðning.

Annar hluti: Aðstandendur

1. † Andlát aðstandenda nemanda.

Skólastjóri eða staðgengill hans aflar upplýsinga um atburðinn.

Áfallaráð tilkynnir umsjónarkennara nemandans um andlátíð.

Áfallaráð fundar með þátttöku þeirra sérfræðinga sem við á (sálfræðingur, sóknarprestur, eða aðrir) þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans.

Látist foreldri eða annar náinn aðstandandi nemanda skal starfsliði greint frá því og viðkomandi bekkjardeild tilkynnt það sérstaklega að nemandanum fjarstöddum. Ath. hvort nán skyldmenni séu við nám eða störf í skólanum, þau þarf að láta vita sérstaklega en ekki í hópi.

Nemandanum skal tryggð aðstoð fagaðila innan skólans eftir því sem þörf krefur.

Upplýsingar um slík áföll barna þurfa að vera til á skrá, t.d. við flutning milli skóla.

Að öðru leyti skal haft **samráð við viðkomandi fjölskyldu** um viðbrögð. Áfallaráð ákveður í samráði við fjölskyldu viðkomandi hvort fulltrúar skólans og/eða nemendur verði viðstaddir jarðarförina. Regla er að skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari og þeir sem tengst hafa barninu verði við jarðarför.

Meta þarf stuðning við barn við endurkomu í skóla.

Tillögur:

Kveikja á kerti í stofunni og hafa fram yfir jarðarför og sýna atburðinum virðingu.

Útbúa samúðarkveðju. Kaupa blóm eða einhvern viðeigandi hlut sem barnið getur átt í minningu hins látna og til minningar þess að skólafélagar sýndu samúð sína og leiðbeina börnunum um að vera eðlileg gagnvart nemanda. Áfallaráð þarf að tryggja að kennarar fái sjálfir leiðbeiningar um hvernig best skuli staðið að því.

2. Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns skólans

Skólastjóri og áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hans, hvernig tilkynna skuli nemendum og öðru starfsfólki veikindin eða slysið.

Bekkjarkennari og skólastjóri komi upplýsingum til nemenda.

Athuga hvort heimsóknir eru mögulegar eða heppilegar.

3. † Dauðsfall eða alvarlegt slys starfsmanns

Skólastjóri leitar eftir staðfestingu á andláti.

Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kallar til áfallaráð til að ákveða fyrstu viðbrögð skólans í samráði við ættingja starfsmanns.

Starfsfólki tilkynnt um atburðinn.

Þess gætt að nán skyldmenni og vinir hins látna sem eru við nám eða störf innan skólans fái fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Tilkynna nemendum atburðinn inni í bekkjum. Ef umsjónarkennari hefur látist, er gott að einhver sem þekkir nemendurna mjög vel sé með þeim a.m.k. fyrsta daginn.

Leyfa nemendum að tjá sig um atburðinn bæði með því að tala og einnig í ýmis konar skapandi vinnu. Bekkurinn skrifi e.t.v. minningargrein um starfsmanninn.

Ef um andlát er að ræða er fáni dreginn í hálfra stöng, bæði daginn sem andlát á sér stað og jarðarfaradaginn. Ef við á er prestur fenginn til að hafa bænastund í skólanum.

Ef starfsmaðurinn er sérstaklega tengdur einhverjum úr hópi nemenda, t.d. ef um umsjónarkennara er að ræða, þurfa skólastjórnendur og fulltrúar áfallaráðs að annast tilkynninguna og vera reiðubúnir að mæta viðbrögðum. Áfallaráð ákveður hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.

Áfallaráð sér til þess að skrifuð sé minningargrein fyrir hönd skólans.

Aðstandendur heimsóttir með kveðju frá skólanum.

Þriðji hluti: Ofbeldisverk

1. Nemandi þolandi eða gerandi

- Kennari styðji við nemandann, bjóði honum viðtöl við sálfræðing, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing eða aðra sem að liði gætu komið.
- Kennarinn útskýri aðstöðu nemandans fyrir bekknum.
- Samstarf við foreldra mikilvægt.

2. Kynferðisleg misnotkun

Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun ber ávallt að tilkynna gruninn til barnaverndarnefndar. Það er barnaverndarnefndar að skera úr um hvort grunur sé á rökum reistur. Skólastjóri sér ávallt um tilkynningar til barnaverndar í slíkum málum fyrir hönd skólans.

Ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun er kært til lögreglu og barnaverndarnefndar sem sjá um framhaldið. Viðkomandi starfsmaður er leystur frá störfum á meðan að rannsókn fer fram.

Ferli mála sem tilkynnt eru:

Barnaverndarnefnd skoðar málið og fylgir því svo áfram til Barnahúss, ef það telur ástæðu til. Þar fær barn svokallað rannsóknarviðtal, sem er greiningarviðtal (4 skipti) og svo meðferð (10 skipti). Einnig eru tekin þar foreldraviðtöl. Athugið að barnaverndarstarfsfólk hefur ríka trúnaðarskyldu og er almennt ekki heimilt að greina starfsfólki skóla frá gangi mála.

Ath. að aldrei skal reyna að leysa slík mál innan skólans. Starfsmönnum ber að gæta þess að bera alltaf hag barnsins fyrir brjósti. Börn eiga ætíð að njóta vafans í málum af þessu tagi.

Muna að ávallt á að tilkynna til viðeigandi aðila, ef grunur vaknar. Það er síðan á höndum þeirra að kanna hvort grunurinn er á rökum reistur eða ekki.

Fjórði hluti: Skilnaður foreldra

Skilnaður reynist börnum ævinlega erfiður. Börn á aldrinum 6-12 ára verða fyrst og fremst döpur og þurfa mikið að gráta út af skilnaðinum. Þau sakna gjarnan mjög þess foreldris sem flyst í burtu. Þau eiga erfitt með að sætta sig við skilnaðinn og reyna jafnvel að koma í veg fyrir hann. Börn á aldrinum níu til tólf ára hættir til að taka afstöðu með öðru foreldrinu á móti hinu og dragast þannig inn í deilur. Í því mikla tilfinningaróti vanmáttarkenndar, gremju, söknuðar og einmanaleika, sem gjarnan fylgir, getur börnunum reynst erfitt að einbeita sér í námi. Frammistaða í skóla slaknar hjá um það bil helmingi barna á þessum aldri, þegar að skilnaðarferli foreldra er í gangi. Unglingar bregðast mjög misjafnlega við skilnaði foreldra. Skilnaður foreldra getur auðveldlega aukið á ójafnvægi og tilfinningarót unglingsáranna. Sumir unglingar bregðast við skilnaði með því að draga sig úr fjölskyldunni og leita til vina. Skilnaðurinn getur einnig ýtt undir vantrú þeirra á samböndum, vakið áhyggjur um eigin framtíð í samskiptum við hitt kynið og stundum hafa unglingar áhyggjur af fjármálum vegna skilnaðarins. Mikilvægt er að gefa þeim færi á að ræða um þær tilfinningar sem skilnaðurinn vekur upp.

Fimmti hluti: Stórslys og náttúruhamfarir

Rýmingaráætlun

Í skólastarfi þar sem nemendur starfa daglega saman auk starfsmanna, þarf að gera ráð fyrir að óvæntir og hættulegir atburðir geti komið upp. Við slíkum atburðum verður skólinn að geta brugðist eins vel og faglega og kostur er. Í sumum tilfellum getur þurft að rýma skólahúsið í skyndi, þ.e. til þess að forða nemendum og starfsmönnum frá hættu sbr. ef upp kemur eldur á skólatíma og brunabjalla hringir og eins ef jarðskjálftar dynja yfir. Ef rýma þarf skólann skyndilega þá hafið eftirfarandi atriði í huga:

Ath. aðstæður og hvar næsta flóttaleið sé en þær eru merktar yfir gluggum/dyrum. Kort eru staðsett víða um skólann sem sýna helstu rýmingarleiðir.

Starfsmenn reyna að halda ró sinni og aðstoða nemendur eftir föngum.

Hver starfsmaður fer út með þann hóp sem hann sér um þegar bjallan hringir (ekki er hugsað um að fara í skó, hlífðarföt eða taka dót með sér). Nemendur og starfsmenn safnast saman fyrir framan félagsheimilið Aratungu.

Hver kennari sér um talningu á sínum nemendum og gerir manntal til þess að fullvissa um að allir séu komnir út.

Ef slys hefur orðið eða ef einhverra er saknað verður það tilkynnt til björgunaraðila eins fljótt og unnt er. Starfsmenn munu að sjálfsgöðu hefja aðgerðir til aðstoðar eins og aðstæður leyfa. Tryggja verður þó að slíkar aðgerðir orsaki ekki meiri hættu.

Jarðskjálfti á skólatíma

Ef jarðskjálfti dynur yfir á skólatíma ber starfsfólki að hjálpa nemendum við að skýla sér og leita skjóls undir borðum og að öðru leyti að hlífa sér eftir föngum. Húsnæðið er síðan rýmt samkvæmt rýmingaráætlun. Ef illviðri geisar þegar jarðskjálfti riður yfir verður reynt að leita skjóls í nágrenni skólans. Varast ber þó að leita skjóls undir háum húsveggjum og í nágrenni við glugga. Starfsmenn skólans munu annast um nemendur uns þeir verða sóttir af foreldrum eða forráðamönnum. Ef jarðskjálfti verður í útiveru og börnin eru í vettvangsferð í nærumhverfi skólans kemur kennari með nemendur á leikvöll skólans.

Bruni

Ef eldur verður laus í skólahúsnæðinu eða ef eldvarnarkerfið gefur slíkt til kynna verður skólinn rýmdur tafarlaust. Í hverju rými er spjald sem sýnir öruggustu rýmingarleiðirnar. Nemendur og starfsmenn yfirgefa skólann og safnast saman á söfnunarsvæði. Nemendur og starfsmenn fara eftir gildandi ráðleggingum um rýmingu húsnæðis í eldsvoða t.d. með því að kanna hitastig og stöðu elds og reyks í húsnæðinu. Ef ferðast þarf um rými sem

reyskur er í verður reynt að tryggja að nemendur fari með gólfum. Á söfnunarsvæði er gert manntal til þess að tryggja að enginn hafi orðið eftir inni. Bruni er tilkynntur á hefðbundinn hátt til Neyðarlínu (112). Á meðan beðið er eftir slökkviliði annast starfsmenn skólans nemendurna og koma þeim í skjól í nærliggjandi byggingum. Starfsmenn reyna síðan eftir föngum að tryggja að allir nemendur komist til síns heima með öruggum hætti.

Óveður

Ef fella þarf niður skóla vegna óveðurs, verður það tilkynnt í tölvupósti eða smáskilaboðum eins fljótt og hægt er. Þegar óveður geisar við upphaf skóladags, þá er það alfarið á ábyrgð foreldra hvort þeir senda börn sín í skólann eða ekki. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á á skólatíma og foreldrar komast ekki sjálfir að sækja börn sín verður nemendum ekki hleypt heim nema í öruggri fylgd aðila sem foreldrar ábyrgjast eða björgunarsveitafólki. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans munu annast nemendur þar til þeir komast heim.

Önnur vá s.s. eldgos, flóð, eitranir, hryðjuverk o.fl.

Um aðra vá sem dunið getur yfir samfélagið á skólatíma gilda hefðbundin viðbrögð sem snúast fyrst og fremst að því að tryggja nemendum sem mest öryggi. Ætíð verður reynt að vinna úr öllum slíkum málum í samráði við foreldra, lögreglu, björgunarlið eða hvern þann aðila sem komið getur að liði.

Fjöldahjálparstöð

Bláskógaskóli í Reykholti er fjöldahjálparstöð; Slík stöð gæti verið opnuð ef einhverjir þeir atburðir gerast sem ógnað geta lífi og velferð íbúa á Suðurlandi. Sem dæmi um slíka atburði má nefna jarðskjálfta, flóð og öskufall frá eldgosum, bruna eða hrun fjölmennra bygginga og hópshlys af einhverju tagi svo að eitthvað sé nefnt. Ef nauðsyn er til að opna fjöldahjálparstöð í skólahúsnaðinu á skólatíma, verða nemendur sendir heim í samráði við foreldra.

Æfingar

Ráðgert er að nemendur og starfsmenn taki þátt í æfingum í viðbrögðum við ofangreindum hættum. Leitast verður við að hafa samráð við fagaðila um skipulag og úrvinnslu æfinganna.

Neyðarupplýsingar

Mikilvægt er fyrir starfsemi skólans að hafa staðgóðar upplýsingar um hvar hægt sé að ná í aðstandendur nemenda ef slys eða aðra vá ber að höndum á skólatíma. Einnig er mikilvægt að fá vitneskju um hvort nemendur séu haldnir einhverjum líkamlegum kvillum sem hugsanlega geta truflað þá í leik og starfi, s.s. sjúkdómum, ofnæmi eða óþol. Æskilegt er að vottorð frá lækni eða öðrum löggiltum aðila sé komið til skólans.

Lokun skólans

Ef húsnæði skólans hefur orðið fyrir tjóni vegna bruna eða náttúruhamfara og stenst ekki kröfur reglugerða varðandi öryggi barna skal honum lokað. Tekið verður á móti nemendum aftur í skólann um leið umhverfi og öryggi barna er tryggt.

Í skólanum skal vera til taks:

- Uppkast að bréfi til að senda heim með nemendum.
- Safn af lestrarefni um sorg og sorgarviðbrögð barna.
- Mappa með vel völdum orðum, sem sá sem tilkynnir andlát getur stuðst við þegar nemendum er sagt frá andláti.

Endurskoðuð í nóvember 2017

Við gerð skýrslunnar var stuðst við gögn frá öðrum skólum.